

Bílabúð Benna ehf.
Krókhálsi 9
110 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2020
UST202002-382/G.R.G.
07.04.07

Málslok

Vísað er til bréfs dags. 28. febrúar 2020 þar sem markaðssetning vörunnar *Rain-X De-Icer Windshield Washer Fluid* var stöðvuð tímabundið á meðan rannsókn stóð yfir á því hvort varan væri lögleg með hliðsjón af því að samkvæmt 69. lið XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH) sem innleidd er með reglugerð nr. 888/2015 er kveðið á um að rúðuhreinsi- eða afísingurvökvar, sem innihalda metanól í styrk sem er jafn mikill eða meiri en 0,6% miðað við þyngd skuli ekki settir á markað fyrir almenning eftir 9. maí 2019.

Bílabúð Benna ehf. skilaði gögnum með tölvupósti dags. 3. mars 2020 sem sýndu fram á að vara sem um ræðir var flutt til landsins, þ.e. markaðssett í skilningi efnalaga nr. 61/2013, fyrir gildistöku bannsins. Þar af leiðandi er heimilt að selja þær birgðir sem komu til landsins með þeirri sendingu til almennings.

Áréttað er að hyggist fyrirtækið flytja inn meira magn af sömu vöru er sala hennar til almennings ekki heimil líkt og fram kemur í þeim hluta meðfylgjandi eftirlitsskýrslu þar sem fjallað er um takmörkun á markaðssetningu metanóls í rúðuhreinsi- og afísingurvökum.

Einnig er áréttað að þegar varan er sett aftur í sölu skal fyrirtækið, í samræmi við 24. gr. efnalaga, koma henni þannig fyrir á útsölustöðum að hún sé ekki aðgengileg viðskiptavinum heldur afhent sérstaklega. Frekari umfjöllun um skyldur fyrirtækisins skv. 24. gr. efnalaga má nálgast í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Að framansögðu telst eftirfylgnimáli því sem hófst með bréfi dags. 28. febrúar 2020 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirliti með tiltekinni vöru vegna ábendingar sem barst stofnuninni og því aðeins gerðar athugasemdir við framangreinda vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Bílabúð Benna ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Upplýsingar um niðurstöður eftirlitsins og til hvaða úrræða Umhverfisstofnun greip verða birtar á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Gísli Rúnar Gíslason
Lögfræðingur